



## Leiðbeiningar til að virkja fjarstýrða virkni (e-remote) í MyPeugeot® appinu fyrir Peugeot e-2008 og Peugeot 3008 PHEV

**Áður en þú byrjar að virkja appið þarftu að sjá til þess að bíllinn taki á móti gögnum. Þú gerir það á eftirfarandi hátt:**

1. Veldu „bíllinn“ í skjá bílsins
2. Veldu Vehicle Settings
3. Ýttu á tannhjólíð efst í hægra horninu
4. Veldu Options á skjánum
5. Veldu Systems Settings
6. Veldu Privacy Mode
7. Hakaðu í Sharing Data and Vehicle Position

Nú er komið að því að virkja fjarstýrðu virknina (e-remote) í MyPeugeot® appinu.

Einungis er hægt að virkja einn síma í einu, en það er hægt að nota fleiri en einn síma.

1. Sæktu MyPeugeot® appið í Appstore fyrir Iphone og í Playstore fyrir Android.
2. Búðu til þinn aðgang og skráðu inn VIN númer bílsins.
3. Farðu inn á þessa slóð:  
<https://services-store.peugeotisland.is/>  
Skráðu þig inn og náðu frítt í e-remote control. Þegar þú ert búin að fá staðfestingarpóst frá Peugeot getur þú farið í næsta skref að virkja fjarstýrða virkni.

Til að fara í gegnum næstu skref þá þarftu að vera inni í bílnum og síminn verður að vera paraður við bíllinn (með bluetooth) ásamt því að síminn þinn þarf að vera í 3G/4G/5G netsambandi.

4. Opnaðu MyPeugeot® appið, smelltu á „explore now“ skilaboðin á miðjum skjánum, eða farðu í: Vehicle sem er neðst í hægra horninu veldu > Connected Services > veldu e-remote control.

5. Þar birtist „Start Activation“ hnappur. Smelltu á „Start Activation“ > samþykktu notkunarskilmála og staðfestu með því að smella á „Open MyPeugeot App“.
6. Skráðu farsímanúmerið þitt > smelltu á „Continue“. Nú átt þú 3 skref eftir til að virkja þjónustuna.
7. Sláðu inn símanúmerið þitt, opnaðu SMS skilaboðin sem þú fékkst, sláðu inn kóðann sem sendur var með SMS skilaboðum og staðfestu.
8. Nú færðu önnur skilaboð frá Peugeot. Opnaðu skilaboð númer 2, sláðu inn kóðann sem sendur var í SMS skilaboðum númer 2. Veldu PIN-númer og ýttu á continue.
9. Samþætting með takka: ýttu á Start/Stopp hnappinn meðan ýtt er á bremsupedalinn.
10. Til að appið verði virkt þarftu að keyra bíllinn í amk 20 mínútur þar sem 3G/4G/5G netsamband er virkt.
11. Slökktu á bílnum, farðu út úr bílnum og læstu. Þannig lýkur uppfærslunni.
12. Sestu aftur inn í bíllinn og endurladdu vafrann í MyPeugeot App® með því að ýta á örina ofarlega í hægra horninu. Nú ættir þú að sjá hleðslustöðu bílsins og valmyndirnar „Charge“ og „Clim“.

**Fjarstýrð virkni (e-remote) eru nú virkjað í Peugeot bílnum þínum.**

**Nú getur þú:**

- Virkjað, stöðvað eða tímasett hleðslu.
- Stillt forhitun á bílnum þannig að hann sé heitur þegar þú leggur af stað. Forhitun hefur ekki áhrif á hleðslutíma ef bíllinn er í hleðslu.
- Ef bíllinn er ekki tengdur hleðslustöð verður að lágmarki að hafa 20% hleðslu til að þú getir stillt forhitunina í appinu (ef það er minni er 80% drægni á batteríinu, hleður hann sig í 80% áður en fjarstýrða virknin fer í gang).